# Skólanámskrá Víkurskóla 2025-2026

# fag: Jákvæð sálfræði

## Grunnþættir menntunar

Hér að neðan eru linkar í rit um grunnþætti menntunar














| **Fag við lok 10. bekkjar** | | |
|---|---|---|
| **Námsþættir** | **Hæfniviðmið**<br>**nemandi getur:** | **Námsleiðir**<br>**nemandi getur:** |
| **Samfélagsfræði:**<br>Sjálfsmynd | • Borið virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, sett mörk í samskiptum og virt mörk annarra og útskýrt mikilvægi virðingar. | • Útskýrt hvernig virðing styrkir tengsl og stuðlar að vellíðan allra. |
| **Samfélagsfræði:**<br>Sjálfsþekking | • Gert grein fyrir eigin áhugasviðum, styrk og áskorunum og myndað sér raunhæfa framtíðaráætlun á grunni þeirrar | • Sett sér markmið út frá styrkleikum og áskorunum. |

| | | |
|---|---|---|
| | sjálfsþekkingar. | |
| **Samfélagsfræði:**<br>Lýðræðislegt samstarf | ● Tekið ábyrgan þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu. | ● Hlustað með virðingu og sýnt seiglu í samvinnu, jafnvel þegar ágreiningur kemur upp. |
| **Íslenska:**<br>Tjáning | ● Miðlað þekkingu sinni og reynslu, tjáð hugmyndir sínar og skoðanir og fært rök fyrir þeim með fjölbreyttum leiðum | ● Nýtt  styrkleika sína til að tjá sig á jákvæðan og uppbyggilegan hátt, með trú á eigin getu. |
| **Lykilhæfni:**<br>Ábyrgð og mat á eigin námi<br>sjálfsþekking | ● Sett sér fjölbreytt og skapandi markmið á grunni persónulegra styrkleika og tileinkað sér hugarfar vaxtar. | ● Valið  sér markmið sem byggja á eigin styrkleikum.<br>● Fundið að minnsta kosti tvær nýjar leiðir eða hugmyndir til að ná markmiðinu. |
| **Lykilhæfni:**<br>Tjáning og miðlun<br>tillitssemi | ● Brugðist við margvíslegum upplýsingum og hugmyndum, hlustað, tekið þátt í umræðum og tekið tillit til ólíkra sjónarmiða | ● Hlustað á aðra og virt skoðanir þeirra.<br>● Tekið þátt í umræðum með einföldum spurningum eða rökum. |